

# Líf- og sjúkdómatrygging

## Vátryggingarskilmálar J2

### I. HUGTAKA- OG ORÐASKILGREININGAR

Félagið:	Merkir Sameinaða líftryggingarfélagið hf.	Gildistími:	Það tímabil sem samningurinn er í gildi.
Vátryggingartaki:	Sá sem gert hefur samning við félagið og er jafnframt greiðandi. Vátryggður telst jafnframt vátryggingartaki.	Vátryggingarfjárhæð:	Grunnfjárhæð sem bótafjárhæðir miðast við.
Vátryggður:	Sá sem tryggður er.	Eindagi:	15 dagar frá gjalddaga.
Rétthafi:	Hver sá sem á kröfu um greiðslu bóta úr vátryggingunni.	Fjármálaeftirlitið:	Stjórnvald sem heyrir undir viðskiptaráðuneytið. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi vátryggingarfélaga skv. lögum nr. 60/1994 og áorðnum breytingum.
Samningur:	Er það samkomulag sem gert er milli félagsins og vátryggingartaka um vátrygginguna.	Vísitala:	Vísitala neysluverðs til verðtryggingar, útreiknuð og útgefin af Hagstofu Íslands.
Samningstími:	Tímabilið frá útgáfudegi vátryggingarskirteinis til þess lokadags sem þar er tilgreindur.		

### II. SAMNINGURINN

#### 1. gr. Grundvöllur samnings

Grundvöllur vátryggingarsamningsins eru skilmálar þessir, upplýsingar á umsóknareyðublaði og önnur gögn sem tengjast samningnum, bæði við upprunalega gerð hans og síðar, hafi ábyrgð félagsins fallið niður eða takmarkast og þess hefur verið óskað að tryggingin taki gildi aftur.

Skýri vátryggingartaki sviksamlega frá eða leyni atvikum er skipta máli um ábyrgð félagsins getur það haft í för með sér að hún takmarkist eða falli niður sbr. ákvæði laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga.

#### 2. gr. Gildistaka

Ábyrgð félagsins hefst þegar það hefur móttengið útfyllta og undirritaða umsókn og aðrar nauðsynlegar upplýsingar og vottorð þannig að unnt sé að gefa út skirteini samkvæmt reglum félagsins um áhættu-

mat og endurtryggingu. Semja má skriflega um annan gildistöktíma. Samningstími tryggingarinnar er skráður á vátryggingarskirteinið.

#### 3. gr. Innihald samnings og fjárhæðir

Samningurinn inniheldur samsetta líf- og sjúkdómatryggingu.

Vátryggingarfjárhæðir koma fram á vátryggingaskirteini.

Greiðsla bóta úr sjúkdómatryggingu hefur engin áhrif á vátryggingafjárhæð líftryggingar; líftryggingin helst í fullu gildi eftir sem áður, skv. skilmálum félagsins um líftryggingar einstaklinga. Vátryggður greiðir frá þeim tíma iðgjald skv. iðgjaldaskrá líftrygginga hjá félaginu.

### III. LÍFTRYGGING

#### 4. gr. Bótasvið og greiðsla bóta

Félagið greiðir rétthafa bætur ef vátryggður deyr á gildistímanum. Bætur eru greiddar innan 14 daga eftir að nægar sannanir fyrir greiðsluskyldu félagsins hafa borist því, þar á meðal dánarvottorð útgefið af lækni. Við greiðslu bóta ber að afhenda vátryggingarskirteinið áritað af rétthafa.

#### 5. gr. Takmörkun á ábyrgð félagsins

Svipti vátryggður sig lífi innan eins árs frá því að vátryggingin síðast öðlaðist gildi, er félagið laust úr ábyrgð.

## IV. SJÚKDÓMATRYGGING

### 6. gr. Bótasvið og greiðsla bóta

Félagið greiðir bætur ef staðfestur váttryggingaratburður á sér stað skv. skilgreiningu í 7. gr. skilmálanna. Sjúkdómatryggingin er eingreiðslu-váttrygging og við greiðslu bóta fellur hún úr gildi, þó ekki við útborgun skv. 8. gr. skilmálanna.

Bætur eru ekki greiddar til váttryggðs nema váttryggingaratburður sé staðfestur á gildistíma váttryggingarinnar. Eftir að váttryggingin er úr gildi fallin er engin bótaskylda til staðar þó leiða megi líkum að því að sjúkdómur hafi verið til staðar meðan váttryggingin var í gildi.

Bætur eru ekki greiddar fyrr en íslenskur sérfræðingur í viðkomandi sérgrein hefur staðfest sjúkdómsgreininguna.

Bætur greiðast innan fjórtán daga frá því að skrifstofu félagsins berast fullnægjandi gögn sem staðfesta greiðsluskilyrði félagsins. Við greiðslu bóta ber að afhenda váttryggingarskríteinið.

### 7. gr. Váttryggingaratburður og skilgreiningar

Váttryggingaratburður telst einungis verða, ef váttryggður greinist með einhvern þeirra sjúkdóma, gengst undir einhverja þeirra aðgerða eða hann hendi eitthvert þeirra tilvika sem talin eru upp og skilgreind hér á eftir:

#### Hjartaáfall / kransæðastífla (myocardial infarction)

Drep í hluta hjartavöðvans sem afleiðing ónógs blóðflæðis. Greiningin verður að byggja á því að þrjú eftirtalin einkenni séu öll til staðar:

- Dæmigerðir hjartakveisuverkir (brjóstverkir),
- nýjar breytingar á hjartalínuriti og
- hækkun á hjartaensímum.

#### Kransæðaskurðaðgerð (coronary bypass)

Váttryggður gengst undir opna hjartaskurðaðgerð að ráði sérfræðings í hjartasjúkdómum þar sem æðagræðingur er tengdur framhjá þrengslum í einni eða fleiri kransæðum. Undir þetta falla ekki aðrar aðgerðir svo sem kransæðavíkkun eða blásning (angioplasty) eða aðgerðir með leysitækni (laser).

#### Hjartalokuaðgerð (heart valve and structural surgery)

Opin hjartaskurðaðgerð, að ráði sérfræðings í hjartasjúkdómum, þar sem gerviloku er komið fyrir í stað einnar eða fleiri hjartaloku eða óeðlileg loka er lagfærð.

#### Skurðaðgerð á meginslagæð/ósæðaraðgerð (aorta surgery)

Váttryggður gengst undir skurðaðgerð til að laga þrengsli, rof eða æðagúlp (flysjugúlp) á meginslagæð (aorta) í brjóst- eða kviðarholi.

#### Heilaáfall/slag (stroke)

Sérhver blóðrásartruflun í heila sem veldur einkennum frá miðtauga-kerfi sem vara lengur en í sólarhring og felur í sér drep í heilavef, blæðingu eða blóðsega/blóðrek. Skilyrði er að einkenni varanlegra skemmda verði á miðtauga-kerfi. Einkenni sem vara skemur en einn sólarhring eru undanskilin.

#### Krabbamein (malignant tumor)

Illkynja æxli sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja fruma ásamt ifarandi vexti í vefi. Þetta á við um hvítblæði (annað en langvinnt eitilfrumuhvítblæði) en undanskilur:

- Setbundið krabbamein, ekki ifarandi, cancer in situ,
- æxli þegar alnæmi er til staðar (HIV),
- öll húðkrabbamein nema ifarandi illkynja sortuæxli (invasive malignant melanoma).

#### Góðkynja heilaæxli

Heilaæxli innan höfuðkúpunnar sem ekki eru illkynja. Undanskilið er:

- Blöðrur (cysts),
- hnúðar (granulomas),
- æxli í heiladingli, mænu, heilahimnu (meningiomas), eða heilataugum t.d. æxli í heyrnar- og jafnvægistaug (acoustic neurinoma),

- seilaræxli (chordomas),
- æðagallar í eða á slagæðum eða bláæðum,
- heilamar.

### MS/Heila- og mænusigg (multiple sclerosis)

Heila- og mænusigg sem einkennist af viðvarandi skemmdum í tauga-kerfinu, niðurbroti á slíðri sem umlykur taugavef í taugakerfinu (afmýling). Greining á að heila- og mænusigg sé til staðar þarf að vera ótvíræð (m.a. segulómun) og framkvæmd af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Hinn tryggði verður að hafa einkenni um óeðlilega tauga-starfsemi, sem hafa staðið samfellt í a.m.k. 6 mánuði eða tvö eða fleiri einkennandi köst hafi átt sér stað.

### MND (motor neuron disease)

Hreyfitaugungahrörnun (MND) sem greind hefur verið af sérfræðingi í taugasjúkdómum.

### Meiriháttar líffæraflutningar

Váttryggður gengst undir uppskurð sem þegi á hjarta, lunga, lifur, bris-kirtli, nýra eða beinmerg.

### Nýrnabilun (kidney failure)

Lokastig nýrnabilunar sem einkennist af langvinnri varanlegri bilun á starfsemi beggja nýrna og leiðir annað hvort til reglubundinnar blóð-skiljunar (renal dialysis), himnuskiljunar (peritoneal dialysis) eða að nýrnaflutningur (renal transplantation) er framkvæmdur.

### Alheimersjúkdómur

Ótvíræð greining taugasérfræðings á Alheimersjúkdómnum, fyrir sextíu ára afmælisdag váttryggðs, með viðeigandi rannsóknnum, athugunum og mati á sjúkdómseinkennum. Sjúkdómurinn leiðir til þess að váttryggður þarfnast stöðugs eftirlits og aðstoðar.

### Parkinsonsjúkdómur

Ótvíræð greining taugasérfræðings á Parkinsonsjúkdóm af óþekktum uppruna, fyrir sextíu ára afmælisdag váttryggðs. Váttryggingin nær eingöngu til Parkinsonsjúkdóms af óþekktum ástæðum (idiopathic). Allar aðrar tegundir Parkinsonsjúkdóms eru undanskildar.

### Alvarleg brunasár

Þriðja stigs brunasár sem þekja a.m.k. 20% af yfirborði líkama váttryggðs, staðfest af sérfræðingi með viðtæka reynslu í meðferð brunasára.

### Útlímamissir

Varanlegur missir tveggja eða fleiri útlíma ofan úlnliðs eða ökkliðs vegna slyss eða sjúkdóms.

### Blinda

Alger, varanlegur og óbætanlegur missir sjónar á báðum augum, staðfest af sérfræðingi í augnlækningum.

### 8. gr. Barnasjúkdómatrygging

Félagið greiðir bætur vegna váttryggingaratburðar sem börn váttryggðs, samkvæmt neðangreindum aldursmörkum, verða fyrir á gildistíma váttryggingarinnar. Einnig greiðir félagið bætur samkvæmt sömu skilgreiningu vegna fósturbarna og stjúpbarna váttryggðs, sem eiga lögheimili og búa á sama stað og váttryggður.

Váttryggingaratburður telst einungis verða ef barn greinist með einhvern þeirra sjúkdóma, gengst undir einhverja þeirra aðgerða eða það hendi eitthvert þeirra tilvika sem talin eru upp og skilgreind í 7. gr. Bætur úr barnasjúkdómatryggingu eru 25% af váttryggingarfjárhæð, en þó að hámarki kr. 6.250.000 vegna hvers barns, miðað við vísitölu 216,3 stig. Bætur vegna sama barns geta aldrei orðið hærri jafnvel þótt í gildi séu hjá félaginu fleiri en ein váttrygging, sem barnið gæti átt bótarétt úr.

Um barnasjúkdómatrygginguna gilda eftirfarandi aldursmörk:

- a) börn sem orðin eru 3ja mánaða en eru ekki orðin átján ára eru váttryggð fyrir eftirtöldum váttryggingaratburðum samkvæmt 7. gr. skilmálanna:  
Krabbamein – Góðkynja heilæxli – Alvarleg brunasár
- b) börn sem orðin eru fullra 2ja ára en eru ekki orðin átján ára eru váttryggð fyrir váttryggingaratburðum samkvæmt 7. gr. skilmálanna.

Greiðslur bóta úr váttryggingunni vegna barna, fósturbarna og stjúpbarna váttryggðs hafa hvorki áhrif á váttryggingarfjárhæð né gildi váttryggingarinnar. Bætur vegna hvers barns eru aðeins greiddar einu sinni. Bætur eru ekki greiddar vegna barna, fósturbarna eða stjúpbarna váttryggðs, nema bótaskyldur sjúkdómur greinist á gildistíma váttryggingarinnar. Greinist sjúkdómur eftir að váttrygging hefur fallið úr gildi er engin bótaskylda til staðar þó leiða mætti líkum að því að sjúkdómur hefði verið til staðar meðan váttryggingin var í gildi.

Bætur eru ekki greiddar vegna sjúkdóma eða aðgerða sem sannanlega má rekja, beint eða óbeint, til ástands barns fyrir ofangreind aldursmörk eða fyrir töku váttryggingarinnar.

Bætur eru ekki greiddar vegna ættleiddra barna ef hægt er að rekja orsakir sjúkdóms eða aðgerðar til ástands barns áður en það var ættleitt. Sama gildir um stjúpbörn og fósturbörn.

Skilyrði fyrir bótaskyldu er að börn, fósturbörn eða stjúpbörn lifi a.m.k. í þrjátíu daga frá því að þau greinast með sjúkdóm eða aðgerð var framkvæmd, sem leiðir til bótaskyldu.

Nánar um greiðslur bóta, bótasvið og takmarkanir á bótaskyldu vísast til greina 6, 7 og 9 eftir því sem þær eiga við.

#### 9. gr. Takmarkanir á bótaskyldu

Aðrir sjúkdómar, aðgerðir og tilvik en þau sem talin eru upp sem bótaskyld í 7. gr. eru ekki bótaskyld samkvæmt váttryggingu þessari. Ekki eru greiddar bætur vegna krabbameins sem greinist á fyrstu þremur mánuðum eftir töku váttryggingarinnar né við endurupptöku tryggingarinnar. Bætur úr sjúkdómatryggingunni greiðast váttryggðum vegna hans sjálfs aðeins einu sinni. Bætur úr barnasjúkdómatryggingu, sbr. 8. gr., greiðast einnig aðeins einu sinni vegna hvers barns.

Skilyrði fyrir bótageiðslu er að váttryggður lifi a.m.k. í þrjátíu daga frá því váttryggingaratburður var staðfestur.

## VI. SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

### 10. gr. Iðgjaldafrelsi

Váttryggður getur skriflega óskað eftir niðurfellingu iðgjalda váttryggingarinnar ef hann, vegna slyss eða sjúkdóms á gildistíma váttryggingarinnar, sem ekki er bótaskyldur samkvæmt 7. gr. þessara skilmála, missir að minnsta kosti helming starfsorku sinnar.

Beiðni um iðgjaldafrelsi þurfa að fylgja nauðsynleg gögn til mats á starfsorkumissinum, félaginu að kostnaðarlausu. Til grundvallar mati á starfsorkumissi mun félagið leggja mat á hæfni váttryggðs til að gegna starfi sínu og möguleika til að gegna öðrum störfum. Alger starfsorkumissir veitir rétt til fulls iðgjaldafrelsis en skerðing starfsorku um 50% eða meira veitir rétt til hlutfallslegrar lækkunar iðgjalds.

Iðgjaldafrelsi er aldrei veitt fyrir lengra tímabil en eitt ár aftur í tímann áður en beiðni um það barst félaginu. Iðgjaldafrelsi hefst sex mánuðum eftir að starfsorkumissirinn hófst og varir meðan hann er til staðar, en þó ekki lengur en til 65 ára aldurs váttryggðs. Á meðan váttryggður nýtur iðgjaldafrelsis ber honum að láta félaginu í té nauðsynlegar heilsufarsupplýsingar auk annarra gagna og fara í læknisskoðanir eins og þurfa þykir, á kostnað félagsins. Váttryggðum er skylt að tilkynna félaginu strax og hann endurheimtir starfsorku sína að hluta eða að fullu.

Váttryggður öðlast hvorki rétt til iðgjaldafrelsis vegna sjúkdóma sem voru fyrir hendi eða sýnt höfðu einkenni fyrir gildistöku tryggingarinnar né vegna afleiðinga slyss sem orðið hafði fyrir gildistöku tryggingarinnar.

Þá öðlast váttryggður ekki rétt til iðgjaldafrelsis ef starfsorkan hefur skerst vegna misnotkunar áfengra drykkja eða annarra nautnalyfja.

Félagið tilkynnir váttryggingartaka skriflega ákvörðun sína um iðgjaldafrelsi.

### 11. gr. Réttur til hækkunar á váttryggingarfjárhæð án yfirlýsingar um heilsufar

Ef iðgjald fyrir váttrygginguna er ákveðið án aukaiðgjalds (álags) getur váttryggður sótt skriflega um hækkun á váttryggingarfjárhæðinni á gildistíma váttryggingarinnar, án frekari upplýsinga um heilsufar sitt, innan þriggja mánaða frá því að annað hvort eftirfarandi atvika á sér stað:

a) váttryggður eignast barn eða

b) váttryggður ættleiðir barn sem er yngra en 18 ára.

Hámarkshækkun váttryggingarfjárhæðar er 25%, en þó að hámarki kr. 2.000.000 miðað við vísitölu 216,3 stig. Þessi réttur til hækkunar fellur niður við 45 ára afmælisdag váttryggðs.

Við hækkun váttryggingarfjárhæðarinnar hækkar iðgjald váttryggðs samkvæmt iðgjaldaskrá félagsins. Hækkunin tekur gildi á næsta gjald-daga eftir að öll skilyrði hafa verið uppfyllt. Ekki er hægt að nýta þennan rétt þegar tilkall hefur verið gert til bóta samkvæmt 7. gr. eða ef váttryggður hefur greinst með einhverjum þeirra sjúkdóma, gengist undir einhverja þeirra aðgerða eða hann hent eitthvert þeirra tilvika sem skilgreind eru í 7. gr. Þá er ekki hægt að nýta sér þennan rétt ef váttryggður biður aðgerðar sem skilgreind er í 7. gr. eða hefur slasast alvarlega á samningstímanum.

### 12. gr. Iðgjaldageiðslur

Fyrsta iðgjald váttryggingarinnar gjaldfellur við gildistöku váttryggingarinnar. Endurnýjunariðgjald gjaldfellur á endurnýjunardegi váttryggingarinnar. Síðari iðgjöld sem eru greidd fyrir eindaga teljast greidd á réttum tíma. Verði fyrsta iðgjald eigi greitt á gjalddaga eða síðari iðgjöld á eindaga fellur ábyrgð félagsins niður enda hafi iðgjalds verið krafist.

Ábyrgð félagsins hefst að nýju þegar iðgjald hefur verið greitt, enda sé váttryggður þá á lífi, hafi ekki verið greindur með sjúkdóm eða gengist undir aðgerð, skv. upptalningu og skilgreiningum í 7. gr. og ekki liðnir þrjú mánuðir frá gjalddaga. Samningurinn fellur úr gildi, ef iðgjald hefur ekki verið greitt þremur mánuðum eftir gjalddaga.

Iðgjald breytist í samræmi við iðgjaldaskrá félagsins einu sinni á ári, þ.e. við byrjun fyrsta dags hvers tryggingarárs. Upphafsdagur tryggingarárs er skráður á iðgjaldskvittun.

### 13. gr. Vísitöluákvæði

Innan hvers váttryggingarárs hækkar váttryggingarfjárhæðin á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingu á vísitölu. Útreikningur miðast við vísitölu mánaðarins áður en váttryggingin eða hækkun váttryggingarfjárhæðarinnar tekur gildi.

Lækki vísitalan þá hefur það ekki áhrif til lækkunar á váttryggingarfjárhæðinni. Iðgjald váttryggingarinnar er háð aldri, kyni og því hvort váttryggður reykir eða ekki og breytist árlega við endurnýjun. Ef iðgjald greiðist oftar en einu sinni á ári, hækka síðari greiðslur í sama hlutfalli og váttryggingarfjárhæðin.

**14. gr. Þagnarskylda**

Félagið fer með upplýsingar um váttrygginguna sem trúnaðarmál.

**15. gr. Rétthafar**

Váttryggður er rétthafi sé annar ekki tilgreindur sem slíkur í váttryggingarskírteini eða á iðgjaldskvittun.

**16. gr. Málsmeðferð**

Mál sem rísa kunna vegna váttryggingarsamnings þessa skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**17. gr. Tilvísun í lög**

Um váttryggingu þá sem þessir skilmálar ná til gilda lög um váttryggingarsamninga nr. 20/1954 og lög um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994, að svo miklu leyti sem ekki er vikið frá þeim í skilmálum þessum.

**18. gr. Breytingar á grundvelli váttryggingarinnar**

Félagið áskilur sér rétt til breytinga á iðgjaldaskrá félagsins ef almenn áhættuaukning verður eða almennar forsendur tryggingarinnar reynast aðrar en ætlað var í tæknilegum grundvelli váttryggingarinnar. Allar slíkar breytingar yrðu lagðar fyrir Fjármálaeftirlitið, áður en þær tækju gildi.

**Til upplýsingar:**

- Váttryggður hefur þrjátíu daga frest (iðrunarrétt) til að segja váttryggingunni upp eftir að hún tók gildi. Verði tryggingunni sagt upp innan þess tíma ber váttryggðum að greiða iðgjald fyrir þann tíma sem hann var tryggður.
- Komi til kvörtunar- og ágreiningsmála vegna greiðslu bóta úr tryggingunni er bent á Tjónanefnd váttryggingafélaganna. Áfrýja má úrskurði Tjónanefndar til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndir þessar má fá hjá félaginu.
- Nánari upplýsingar um váttrygginguna veitir starfsfólk Samlífs í síma 569-5400.

Skilmálar þessir gilda frá 12. október 2001.

**Kynntu þér efni váttryggingarsamnings og ákvæði váttryggingaskilmála:**

Félagið hvetur þig til þess að kynna þér ákvæði váttryggingarskírteinis þessa auk ákvæða skilmála varðandi greiðslu iðgjalds, takmörkun ábyrgðar, varúðarreglur og fresti til að tilkynna um váttryggingaratburð.

Í persónutryggingum þar sem váttryggður er annar en váttryggingartaki birtast viðkvæmar persónuupplýsingar varðandi váttryggðan einungis á því váttryggingarskírteini sem sent er váttryggðum.

Skilmálar eru aðgengilegir á skrifstofum félagsins eða heimasíðu þess; [www.sjova.is](http://www.sjova.is).

**Nánari upplýsingar um váttrygginguna eða þörf á frekari váttryggingavernd:**

Félagið veitir frekari upplýsingar um váttrygginguna en fram koma á skírteini þessu auk ráðgjafar um þörf á váttryggingavernd. Hægt er að hafa samband við félagið í síma 440-2000 eða með fyrirspurnum í tölvupósti á netfangið [sjova@sjova.is](mailto:sjova@sjova.is).

**Tilkynningar um tjón:**

Hægt er að tilkynna tjón á skrifstofum félagsins sem eru opnar frá kl. 8:30 til 16:30 alla virka daga, í þjónustusíma 440-2000, á heimasíðu félagsins [www.sjova.is](http://www.sjova.is) eða í tölvupósti á netfangið: [tjonstilkynningar@sjova.is](mailto:tjonstilkynningar@sjova.is). Tjónavakt félagsins er opin allan sólarhringinn. Símanúmer tjónavaktar er 800-7112.

**Frestur til að tilkynna um tjón og til lögfræðilegra aðgerða:**

Tilkynna ber félaginu um tjón án ástæðulauss dráttar, sbr. 3. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 92. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga (VSL). Réttur til greiðslu bóta getur fallið niður ef váttryggður tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan eins árs frá því að hann vissi um atvik sem krafan er reist á, sbr. 1. mgr. 51. gr. og 1. mgr. 124. gr. VSL.

Hið sama á við ef félagið hefur hafnað kröfu um bætur. Í slíkum tilvikum getur váttryggður eða sá sem á rétt til bóta glatað þeim rétti ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar máls fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan eins árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 2. mgr. 51. gr. og 2. mgr. 124. gr. VSL.

**Meðferð ágreiningsmála:**

Félagið tekur ákvörðun um bótaskyldu. Ágreining um bótaskyldu félagsins, þ.m.t. sök og sakarskiptingu skaðabótaskyldra aðila, má leggja fyrir **Tjónanefnd váttryggingarfélaganna**. Meðferð máls hjá nefndinni er aðilum að kostnaðarlausu. Nefndin fjallar ekki um bótafjárhæðir.

Einnig er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, fyrir **Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum**, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Hægt er að nálgast eyðublað úrskurðarnefndarinnar á [www.sjova.is](http://www.sjova.is), á skrifstofum félagsins eða hjá Fjármálaeftirlitinu, Suðurlandsbraut 32, Reykjavík. Sá sem skýtur máli til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum þarf að greiða málskotsgjald. Falli málið honum í vil, að einhverju eða öllu leyti, fær hann málskotsgjaldið endurgreitt. Málsmeðferð fyrir nefndum þessum skerðir ekki rétt aðila til þess að fara með mál fyrir dómstóla.

Kvörtunum er lúta að þjónustu og málsmeðferð félagsins má vísa til **Neytendapjónustu félagsins** á aðalskrifstofu þess.

## Skilgreiningar á viðbótarbótapáttum sjúkdómatryggingar sem gilda með skilmálum S1-S7 vegna váttryggingaratburða sem orðið hafa eftir 1. janúar 2010.

### Heyrnarleysi

Algjör, varanlegur og óbætanlegur heyrnarmissir á báðum eyrum vegna sjúkdóms eða slyss, staðfestur af sérfræðingi í háls-, nef- og eyrnalækningum og niðurstöðum heyrnarmælinga.

### Alnæmi (AIDS) vegna blóðgjafar

Smit af völdum eyðniveiru (HIV) eða staðfest greining á alnæmi (AIDS) sem rekja má til blóðgjafar. Öll eftirfarandi skilyrði verða að vera til staðar:

- Læknir verður að hafa metið blóðgjöfina læknisfræðilega nauðsynlega og blóðgjöfin sjálf verður að hafa átt sér stað eftir að váttryggingin tók gildi.
- Heilbrigðisstofnunin sem veitti blóðgjöfina verður að viðurkenna ábyrgð sína.
- Váttryggður er ekki blæðari.

### Alnæmi(AIDS) vegna starfa

Eyðniveirusmit af völdum óhapps sem váttryggður verður fyrir í starfi sínu samkvæmt venjubundinni starfslýsingu. Öll óhöpp sem mögulega geta leitt til bótakröfu verður að tilkynna til félagsins innan 7 daga frá óhappinu. Með tilkynningunni skal óhappaskýrsla fylgja ásamt staðfestingu á neikvæðri niðurstöðu úr HIV mótefnamælingu sem tekin var strax eftir óhappið. Breyting í jákvætt próf (seroconversion) skal hafa gerst innan 6 mánaðafrá óhappinu.

### Heilahimnubólga af völdum bakteríusýkingar (Bacterial Meningitis)

Staðfest greining á bólgu í himnunum sem umlykja heila og mænu. Sérfræðingur skal staðfesta greininguna með blóð- og mænuvökvarannsóknnum, tölvusneiðmyndum (CT) eða segulóm skoðun (MRI) af höfði. Sjúkdómurinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til þess að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæðast, afklæðast, fara á og nota salerni, fara úr rúmi í stól eða úr stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða, drekka og taka lyf eða verður að hafa leitt til varanlegrar rúmlegu og óhæfis til að fara á fætur án utanaðkomandi aðstoðar. Þetta ástand skal hafa varað í a.m.k. þrjá mánuði samkvæmt læknisfræðilegri staðfestingu.

### Alvarlegur höfuðáverki

Alvarlegur áverki á höfði sem truflar heilastarfsemi. Greining þarf að vera staðfest af sérfræðingi og dæmigerðum niðurstöðum myndgreiningar á taugakerfi t.d. tölvusneiðmyndar (CT) eða segulóm skoðunar (MRI). Áverkinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til þess að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæðast, afklæðast, fara á og nota salerni, fara úr rúmi í stól eða úr stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða, drekka og taka lyf eða verður að hafa leitt til varanlegrar rúmlegu og óhæfis til að fara á fætur án utanaðkomandi aðstoðar. Þetta ástand skal hafa varað í a.m.k. þrjá mánuði samkvæmt læknisfræðilegri staðfestingu